

Innviðaráðuneytið
skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála
sent í samráðsgátt

Selfossi, 24. ágúst 2023

Efni: **Umsögn Skógræktarinnar um grænbók um skipulagsmál, mnr. 145/2023.**

Skógræktin er fagstofnun á sviði skógræktar. Skógræktin hefur kynnt sér *Grænbók um skipulagsmál* og meðfylgjandi *Drög að greinagerð um stöðu skipulagsmála*. Mörgu í Grænbókinni má fagna, en til viðbótar því gerir Skógræktin hér nokkrar ábendingar um mál sem lúta að fagsviði stofnunarinnar.

1. Kafli 3.2.1. fjallar um gæði byggðar og umhverfis. Þar er réttilega sagt að „[m]eð því að huga að gróðursæld og grænum innviðum í byggð [megi] að auki tryggja aðgengi að náttúru og nánd við hana og hafa um leið jákvæð áhrif á vist- og umhverfisstærð.“ (bls. 17). Í næstu málsgrein eru taldar þær stefnur stjórnvalda sem lúta að þessu, og bendir Skógræktin á að um gæði byggðar og umhverfis er einnig fjallað í stefnu stjórnvalda um skóga og landgræðslu *Land og líf, Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt*¹, n.t.t. kaflanum um útivist og lýðheilsu. Telur Skógræktin rétt að minnst á þetta atriði og halda því til haga.

2. Kafli 3.2.8. fjallar um nýtingu lands í dreifbýli, og hefst á þeim orðum að samkeppni sé nú um land í dreifbýli, m.a. vegna aukinnar eftirspurnar á landi undir skógrækt. Næst er umfjöllun um landbúnaðarland og gæði ræktunarlands, og svo er fjallað um skógrækt síðar í sama kafla.

- Nú mætti vel skilja það svo á kaflanum að skógrækt sé sérstök ógn við gott ræktunarland, og að skógrækt og önnur ræktun og landbúnaður séu á einhvern hátt ósamrýmanleg. Vissulega er það rétt upp að vissu marki, að ef þéttur og mikill skógur er á samfelldu svæði, er það sama land ekki með góðu móti tækt undir akra eða umfangsmikið skepnuhald. Hinsvegar varðveitir skógur og bætir landbúnaðarland til langframa², og skógrækt á smærri skala og skjólbelti í besta landbúnaðarlandinu eykur ræktunaröryggi og ræktunarmöguleika, eykur afurðir og bætir nýtingu, skýlir auk þess skepnum, byggingum og tækjum. Skógrækt og skjólbelti ættu að vera eðlilegur þáttur landbúnaðar og ræktunar á besta landbúnaðar- og ræktunarlandinu.

Ef vel er á málum haldið eru mikil jákvæð áhrif af skógrækt á annan landbúnað. Þessi skilningur mætti að ósekju koma fram í Grænbók um skipulagsmál. Það sama er rétt að komi fram í 9. lykilviðfangsefni til næstu ára (kafli 3.9, bls. 39).

3. Kafli 4.3.2. fjallar um áherslur í skipulagi í dreifbýli. Skógræktin tekur undir alla liðina (a, b, c og d), en bendir á að um lið b (Standa vörð um land sem hentar vel til ræktunar til að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar) gildir það sem sagði hér að ofan (um kafla 3.2.8.).

4. Lög um skógrækt (bls. 46) heita með réttu Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Skógrækt ríkisins (bls. 55) heitir núna Skógræktin.

virðingarfyllst

f.h. Skógræktarinnar,


Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@skogur.is, Austurvegi 3, 800 Selfoss

¹ Matvælaráðuneytið. (2022). Land og líf, Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt: Stefna og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20(1).pdf)

² Það fylgir því þó viss, yfirleitt yfirstíganlegur, kostnaður að gera skógi vaxið land aftur plógtækt. Í öllu falli er skógrækt ekki óendurkræf ráðstöfun á landi.